

Landsnet hf.

Gylfaflöt 9

112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. júlí 2024

Tilvísun: OS2024030051

Skjalanr: 420499

Efni: Uppgjör tekjumarka Landsnets fyrir árið 2023

Raforkueftirlit Orkustofnunar (ROE) hefur nú lokið uppgjöri tekjumarka Landsnets fyrir árið 2023 á grundvelli 6. mgr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Uppgerð tekjumörk ásamt tekjum eru sem hér segir:

Uppgjör tekjumarka Landsnets 2023 - Samantekt

Tekjur:			
	Alm. notendur í þús. kr.	Stórnotendur í þús. kr.	Samtals í þús. kr.
Flutningstekjur	6.849.296	11.399.186	18.248.482
Þjónustutekjur	57.182	54.777	111.959
Aðrar tekjur	134.184	189.228	323.412
Samtals tekjur	7.040.661	11.643.191	18.683.852

Tekjumörk (Gjöld):			
	Alm. notendur í þús. kr.	Stórnotendur í þús. kr.	Samtals í þús. kr.
Rekstrarkostnaður	2.468.496	3.538.602	6.007.098
Afskriftir	2.204.883	4.045.611	6.250.494
Arðsemi eigna	2.819.290	5.117.286	7.936.575
Samtals gjöld	7.492.669	12.701.499	20.194.168

Samantekt:		
	Alm. notendur í þús. kr.	Stórnotendur í þús. kr.
Mismunur [Tekjur - Gjöld]	-452.008	-1.058.308
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur færðar á milli ára	-589.770	-1.904.976
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (%)	-7,9%	-15,0%

Tekjuheimildir Landsnets á árinu 2023 eru vanteknar um -452.008 þús.kr. fyrir almenna notendur og vanteknar um -1.058.308 þús.kr. fyrir stórnotendur. Uppsafnaðar tekjuheimildir Landsnets í árslok 2023 eru vanteknar um -589.770 þús.kr. fyrir almenna notendur eða -7,9% af tekjumörkum, og vanteknar um -1.904.976 þús.kr., eða -15,0% af tekjumörkum fyrir stórnotendur.

Landsnet skilaði gögnum vegna tekjumarka 2023 þann 30.03.2024. Í kjölfarið ákvað Landsnet að leggja fram tillögu um að uppfæra afskriftartíma nýjustu 220 kV háspennulínanna. Tillagan að breytingu var sú að afskriftartíminn yrði lengdur úr 50 árum í 60 ár og með þessari breytingu endurspegla afskriftir til tekjumarka afskriftir Landsnets í reikningshaldi. Lengri líftími eignastofns Landsnets leiðir til þess að hlutfall afskrifta lækkar á milli ára og hefur breytingin því áhrif á niðurstöðu uppgjors tekjumarka Landsnets árið 2023. Það var mat ROE að tillaga Landsnets stangast hvorki á við raforkulög né leiðbeiningar ROE um afskriftir í tekjumörkum, og samþykkti ROE þar með tillöguna. Jafnframt lagði



ROE áherslu á að ekki sé heimilt að breyta líftíma eignastofns reglulega til þess að hafa áhrif á niðurstöðu uppgjors tekjumarka.

Þann 15.05.2024 sendi ROE spurningalista til Landsnets þar sem óskað var eftir nánari sundurliðun og skýringum á innsendum gögnum. Sala á þjónustu til einstakra dótturfélaga Landsnets var meðal atriða sem fyrirspurn varð gerð um. ROE óskar eftir að Landsnet sendi framvegis sundurliðun um sölu á þjónustu til einstakra dótturfélaga með uppgjöri tekjumarka.

Óskað var eftir upplýsingum um ástæður þess að kostnaður Landsnets vegna fjárfestinga við Eyvindará fellur einungis undir „dreifiveitur“, en ekki „stóriðju“ einnig, þegar kostnaður við sambærilegar fjárfestingar Landsnets í kerfisáætlun, svo sem innviðir á Vestfjörðum, falla undir bæði dreifiveitur og stórnotendur. Skýring Landsnets var sú að sá hluti kerfisins sem er í 132 kV er flokkaður sem meginflutningskerfi á meðan 66 kV hlutinn er flokkaður sem dreifiveitustofn. Í ljósi þess að Eyvindará uppfyllti ekki fyrrnefnd skilyrði yfir allt árið 2023, mun Eyvindará taka breytingu frá og með 1.1.2024 og verða sett í sameiginlega eignastofninn. Flokkun eigna er endurskoðuð reglulega og í samræmi við raforkulög. Eignastofn Landsnets var endurskoðaður við síðustu setningu tekjumarka árið 2020 fyrir tímabilið 2021 til 2025. ROE fékk afrit af uppfærðri verklagsreglu Landsnets um flokkun eigna.

Umræða átti sér stað um hvort rétt væri að hlutfall almennrar notkunar af afltoppi byggji á spágildum frá raforkuspá fyrra árs frekar en rauntölum fyrir uppgjör tekjumarka. Aflhlutfallið er notað til að skipta kostnaði vegna sameiginlegra eigna. ROE telur álitaefti hvort nota skuli spágildi afls frá raforkuspá Orkustofnunar undanfarins árs þar sem raungildi viðeigandi tímabils liggur þegar fyrir og mögulega væri eðlilegra að nota það. Hins vegar geta skerðingar valdið ófyrirséðum breytingum á aflhlutföllum og skekkt áætlanir um tekjumörk. Einnig kom til skoðunar hvort miða skuli við forgangsorku eða orku alls í aflhlutföllum. Skerðanlegur flutningur greiðir umtalsvert lægri flutningsgjöld og kemur til álita fyrir næsta setningartímabil sem hefst 1. janúar 2026 hvort breyta þurfi aðferðarfræði aflhlutfalls.

Nánari sundurliðun og helstu forsendur eru aðgengilegar í meðfylgjandi töflureiknis skjali.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Raforkueftirliti Orkustofnunar á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 og varða gjaldskrármál eða starfsemi sérleyfisfyrirtækja eru kærar til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun.

Virðingarfyllt,
f.h. Raforkueftirlits Orkustofnunar

Alexander Kleinman
Sérfræðingur í raforkueftirliti
Raforkueftirlit
Rafræn undirskrift

Björn Arnar Hauksson
Sérfræðingur raforkureksturs
Raforkueftirlit
Rafræn undirskrift

Fylgiskjöl: Landsnet tekjumörk uppgjör 2023 - Samantekt.xlsx